



HRUNAMANNAHREPPUR

61. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

2. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2025, þann 6. febrúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir.

Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 12. fundar frá 29. janúar 2025.

- Ásamt greinargerð.

Lögð fram fundargerð 12. fundar Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar ásamt greinargerð um Jólamarkaðinn 2024.

Fundargerðin og meðfylgjandi greinargerð lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn þakkar nefndarmönnum og öðrum sem tóku þátt í að gera Jólamarkað Hrunamannahrepps jafn skemmtilegan og raun bar vitni. Viðburðurinn er stór og skemmtilegur dagur í sveitarfélaginu sem þegar hefur skipað sér fastan sess á svæðinu.

2. Veitu- og framkvæmdanefnd: Fundargerð 13. fundar frá 23. janúar 2025.

Lögð fram fundargerð 13. fundar Veitu- og framkvæmdanefndar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu nefndarinnar um að Hannibal Kjartansson og Aldís Hafsteinsdóttir verði fulltrúar sveitarfélagsins í stýrihópi um uppbyggingu jarðhitagarðs við Kópavatnsvirkjun. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

3. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 17. fundar frá 14. janúar 2025.

Lögð fram fundargerð 17. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

Sveitarstjórn fagnar opnun nýs tækjasalar í Ípróttahúsinu en gríðarleg aukning hefur orðið á aðsókn með tilkomu bættrar aðstöðu. Sjúkrapjálfun hefur einnig opnað í sama húsnæði og greinilegt á viðtökunum að mikil eftirspurn er eftir slíkri þjónustu í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með að nefndin skuli ætla að standa fyrir heilsuviku, í þriðja sinn, og samþykkir samhljóða að verða við ósk um að ókeypis verði í sund, tækjasal og ípróttahús á meðan á Heilsuvikunni stendur.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Handwritten signatures in blue ink: DG, SB, AB, ARJ.

4. **Samráðshópur um málefni aldraðra: Fundargerð 8. fundar frá 14. janúar 2025.**
Lögð fram fundargerð 8. fundar Samráðshóps um málefni aldraðra.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

5. **Fundargerð 295. fundar skipulagsnefndar frá 29. janúar 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. janúar sl.**
Lögð fram fundargerð 295. fundar skipulagsnefndar frá 29. janúar 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. janúar sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 21. Ásatúnsvallarland: Hrafnheimar; Breytt heiti lóðar.

Lögð er fram umsókn er varðar nýjan staðvísi fyrir L218490. Óskað er eftir að Ásatúnsvallarland fái nafnið Hrafnheimar. Fyrir liggur rökstuðningur eiganda um hvaðan nafnið er fengið.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemdir við framlagða beiðni um breytt staðfang lóðarinnar og vísar málinu til afgreiðslu og umræðu í sveitarstjórn Hrunamannahrepps.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar eða við framlagða beiðni um breytt staðfang og samþykkir beiðnina.

Mál nr. 22. Dalabyggð sumarhúsabyggð – Flúðir: Veglögn og lagnir 5 lóða; Framkvæmdaleyfi.

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda innan sumarhúsasvæðisins Dalabyggðar í Hrunamannahreppi. Framkvæmdin felur í sér veglagningu og lögnum að fimm lóðum sem skilgreindar eru innan deiliskipulagsbreytingar sem tók gildi 2022.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á grundvelli heimilda gildandi deiliskipulags. Mælist nefndin til þess að lögð verði fram hnitsetning á legu vegarins í takt við deiliskipulag svæðisins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á grundvelli heimilda gildandi deiliskipulags. Mælist sveitarstjórn til þess að lögð verði fram hnitsetning á legu vegarins í takt við deiliskipulag svæðisins.

Mál nr. 23. Hrunamannafréttur: Klakksskáli; Stofnun lóðar.

Lögð er fram merkjalýsing dags. 16.01.2025, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrrar lóðar. Óskað er eftir að stofna 3.620 fm lóð undir fjallaskála/slysavarnarskýli, úr þjóðlendunni Hrunamannafréttur L223267.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. framlagðri merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið með fyrirvara um samþykki forsætisráðuneytisins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar eða stofnun lóðarinnar skv. framlagðri merkjalýsingu og samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki forsætisráðuneytisins.

DGS
AA
ARF
BV

Mál nr. 24. Reitur ÍB3 Flúðum: Íbúðarsvæði í þjónustusvæði (S1); Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til breytinga á landnotkun innan þéttbýlismarka á Flúðum eftir kynningu. Í breytingunni felst að hluti ÍB3 svæðis er skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnun þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á hjúkrunarheimili, dvalarheimili, félagsþjónustu og íbúðum fyrir aldraða. Athugasemdir bárust við lýsingu verkefnisins og eru þær lagðar fram til umræðu innan nefndarinnar.

Í ljósi framkominna athugasemda íbúa við Vesturbrún 3-21 telur skipulagsnefnd UTU nauðsynlegt að við vinnslu tillögu aðalskipulagsbreytingar verði lagt mat á hugsanlega grenndaráhrif skuggavarp, útsýni og innsýnar gagnvart lóðarhöfum og húseigendum aðliggjandi lóða. Samhliða verði metnar leiðir til mótvægisáðgerða gagnvart fyrrgreindum þáttum ef ástæða er til. Nefndin bendir þó á að svæðið er í dag deiliskipulagt og gert ráð fyrir uppbyggingu innan þess. Innan skipulagslýsingar kemur fram að gert verði ráð fyrir kjallara og bílageymslu neðanjarðar sem koma inn í áætlað nýtingarhlutfall. Auk þess bendir nefndin á að breytingartillagan er í fullu samræmi við almenna skilmála aðalskipulags Hrunamannahrepps er varðar nýtingarhlutfall og hæðarfjöldi innan þéttbýlisins að Flúðum og markmiða um nýtingu og þéttingu byggðar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

Hér vék Jón Bjarnason af fundi.

Mál nr. 25. Skipholt 3: Byggingarheimild; fjós – viðbygging.

Móttækin var umsókn þann 28.01.2025 um 511 m² viðbyggingu með haugkjallara við fjós (mhl 19) á jörðinni Skipholt 3 L166827 í Hrunamannahreppi. Heildarstærð eftir stækkun verður 1.337,6 m².

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki verði gerð krafa um grenndarkynningu vegna málsins þar sem um svo óveruleg frávik sé að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki verði gerð krafa um grenndarkynningu vegna málsins þar sem um svo óveruleg frávik sé að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Hér kom Jón Bjarnason aftur til fundar.

Mál nr. 31. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. janúar sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. janúar sl.

6. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls: Fundargerð stjórnar frá 23. janúar 2025.

Lögð fram fundargerð stjórnar Skóla og velferðarþjónustu Árneshvíls.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

DCS
HJ
BØV
ARJ

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

7. SASS: Fundargerð 618. fundar stjórnar frá 24. janúar 2025.

Lögð fram fundargerð 618. fundar stjórnar SASS.

Sveitarstjórn fagnar því að vinna við undirbúning að breikkun vegarins frá Selfossi að Þjórsá skuli vera hafinn á vegum Vegagerðarinnar. Það er von okkar að í þessari framkvæmd verði gert ráð fyrir úrbótum á Skeiðavegamótum sem eru gríðarlega hættuleg vegamót þar sem því miður mörg alvarleg slys hafa orðið.

Með góðri hönnun mun þessi aðgerð auka umferðaröryggi til mikilla muna og verða Hrunamönnum sem og öðrum sem um þennan veg þurfa að fara til mikilla hagsbóta. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

8. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 330. fundar stjórnar frá 18. desember 2024.

Lögð fram fundargerð 330. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 241. fundar frá 14. janúar 2025.

Lögð fram fundargerð 241. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

10. Bergisinn bs.: Fundargerð 80. stjórnarfundar frá 13. janúar 2025.

Lögð fram fundargerð 80. stjórnarfundar Bergisins bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

11. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi, gistileyfi.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Tower 101 ehf., kt. 510413-0750 um leyfi til reksturs gististaðar í flokk II, G íbúðir. Náttthagi, Náttthaga, 846 Flúðum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.

12. Tilkynning frá Vegagerðinni frá 24. janúar 2025.

Lögð fram tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða breytingu á skráningu á Hvítárholtssvegi og afskráningu Árbæjarvegar í vegskrá.

Lagt fram til kynningar en sveitarstjóra jafnframt falið að ræða betur við Vegagerðina vegna Hvítárholtssvegar.

13. Bréf frá Miðstöð slysavarna barna frá 29. janúar 2025.

Lagt fram bréf frá Miðstöð slysavarna barna þar sem óskað er eftir fjárstyrk að upphæð 50.000 kr. til fjármögnunar myndbands um slysavarnir barna sem sérstaklega myndi nýtast verðandi foreldrum á landsbyggðunum.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um umbeðna fjárhæð.

14. Ályktun frá Félagi íþróttá-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi.

Lögð fram ályktun frá Félagi íþróttá-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi vegna sölu áfengis á íþróttaviðburðum. Þar er skorað á stjórnvöld, sveitarfélög, íþróttasársambönd, íþróttafélög og skipuleggjendur íþróttaviðburða að standa vörð um gildi íþróttahreyfingarinnar og tryggja að ekki verði selt áfengi á íþróttaviðburðum.

Sveitarstjórn vísar erindinu til umræðu í Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd.

Hér vék Daði Geir Samúelsson af fundi.

DGS
AA AG Bv

15. Bréf frá Probygg ehf. frá 29. janúar 2025.

Lagt fram bréf frá Probygg ehf. vegna Fannborgartanga 1-7 þar sem óskað er eftir að íbúðum verði fjölgað á lóðinni úr 4 í 6.

Sveitarstjórn getur því miður ekki orðið við erindinu þar sem lóðin var auglýst undir þeim formerkjum að á henni mætti byggja 4 íbúðir og ekki fleiri. Eigi að breyta deiliskipulagi til að verða við erindinu yrði að auglýsa aftur til að jafnræðis sé gætt meðal umsækjanda.

Hér kom Daði Geir Samúelsson aftur til fundar.

16. Minnisblað varðandi umboð til undirritunar merkjalýsinga.

Lagt fram minnisblað varðandi umboð til undirritunar merkjalýsinga.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir samhljóða að veita Vigfúsi Þóri Hróbjartssyni, kt. 071085-3339, umboð til þess að undirrita f.h. Hrunamannahrepps, kt. 640169-2309 merkjalýsingar sv. lögum nr. 6/2001 um skráningu merki og mat fasteigna, vegna lands í eigu Hrunamannahrepps.

17. Bréf frá Bláa Lóninu hf. vegna ákvæða í lóðarleigusamning um veðsetningu.

Lagt fram bréf frá Bláa Lóninu hf. vegna ákvæða í lóðarleigusamningi um veðsetningu lóðarinnar Ásgarðs í Hrunamannahreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Bláa Lóninu hf, kt. 431023-1130 sé heimil veðsetning lóðarinnar Ásgarðs í Hrunamannahreppi, fnr. 235-5715.

18. Úthlutun lóða

Fyrir fundinum liggur umsókn um lóðirnar Iðjuslóð 6 og 8.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að úthluta Grillvagninum slf, kt. 460110-1810, lóðum við Iðjuslóð enda uppfylli umsækjandi skilyrði sveitarfélagsins um lóðarúthlutun. Þar sem unnið er að óverulegri breytingu deiliskipulags Iðjuslóðar er sveitarstjóra falið að ræða við bréfitara um nánari útfærslu.

19. Viðaukasamningur um framlengingu á leigu húsnæðis að Akurgerði 4, Flúðum.

Lagður fram viðaukasamningur um framlengingu á leigusamningi við Vínbúðina ohf, vegna húsnæðis að Akurgerði 4, Flúðum.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

20. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt er að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn samkvæmt venju þann 20. febrúar n.k.

Mál til kynningar:

21. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 961. fundar stjórnar frá 17.01.2024.

Lagt fram til kynningar.

22. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 962. fundar stjórnar frá 22.01.2024.

Lagt fram til kynningar.

Das
HA
BR
AGJ

23. **Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 79. fundar stjórnar frá 17. janúar 2025.**

Lagt fram til kynningar.

24. **Fundargerð ársfundar Brákar íbúðafélags hses. vegna ársins 2023.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:39



Bjarney Vignisdóttir

Alexandra Rós Jóhannesdóttir

Jóhanna Hauksdóttir

Dafur Guðrún Samuelsson

Alldis Hafskirud